

# HÚSÖNDIN

21. tbl. 3. árg.  
10. júní 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 11. - 17. JÚNÍ

- 11.6. Gígja E Sigurbjörnsdóttir
- 13.6. Jóhanna Rögnvaldsdóttir, Paul Casian Petrache
- 14.6. Lovísa Gestsdóttir
- 15.6. Vésteinn Vésteinsson
- 16.6. Hulda María Hólm Tryggvadóttir
- 17.6. Helgi Aðalsteinn Þorsteinsson



# FRÆÐSLUKVÖLD

**Regína Ólafsdóttir**, sálfræðingur og **Katrín Ösp Jónsdóttir**, hjúkrunarfræðingur ræða um tilfinningavanda s.s. kvíðaraskanir, depurð og streituraskanir.

Einnig áhrif langvarandi álags, kulnun o.fl. Farið verður yfir helstu einkenni og meðferðarleiðir. Einnig verður rætt um hvað getur gagnast til að viðhalda tilfinningalegu jafnvægi og vellíðan.

**Mánudaginn 15. júní 2020 kl. 20:00 í Skjólbrekku.**

**Fundinum verður einnig streymt á Facebooksíðu Skútustaðahrepps.**

Sálfræðipjónusta Norðurlands og Skútustaðahreppur bjóða Mývetningum upp á þetta fræðslukvöld. Áætluð tímalengd er 2-2,5 klst. með hléi.

Allir velkomnir sem áhuga hafa!



**Sálfræðipjónusta**  
Norðurlands

Hvannavellir 14, 2. hæð, 600 Akureyri



# KVENNAHLAUP ÍSÍ Í MÝVATNSSVEIT

Þriðjudaginn 16. júní kl 17:00,  
Hulda og Aðalbjörg verða á staðnum frá kl 16:30.

Hlaupið verður frá Jarðböðunum,  
tvær vegalengdir í boði 3 og 5 kílómetrar.

Frítt fyrir alla hlaupara í Jarðböðin eftir hlaup.

Skráning er með breyttu sniði í ár, bolirnir eru keyptir í gegnum [www.tix.is](http://www.tix.is) - slegið inn í leitargluggann Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ og þeir sendir í pósti heim. Þessi breyting er vegna umhverfissjónarmiða svo ekki verði jafn mikill fjöldi bola í afgang ár hvert.

Einnig er hægt að mæta í gömlum Kvinnahlaups bolum, eða öðru, og þá þarf einungis að borga þátttökugjald.

Bolirnir kosta 4000 kr fyrir fullorðna og 1500 kr fyrir 12 ára og yngri.

Inni í þessari upphæð er þátttökugjald í hlaupið.

Annars er þátttökugjald 1500 kr fyrir fullorðna og 500 kr fyrir börn.

Hægt er að greiða fyrir það á [tix.is](http://tix.is) og á staðnum.

ATH! ekki verður posi

Vegalengdin er stutt og skiptir engu hvort hún er gengin eða hlaupin,

mestu máli skiptir er að koma saman, sýna samstöðu kvenna,

njóta útiveru og samverustundar með fjölskyldu og vinum.

Hvetjum ALLAR KONUR, dætur, mæður, systur, vinkonur,

frænkur og ömmur til að mæta!

Karlmenn eru líka velkomnir, stórir sem smáir



Hlökkum til að sjá sem flesta

Kvenfélagið



## Landeigendakönnun vegna endurskoðunar aðalskipulags Skútustaðahrepps

Skútustaðahreppur hefur hafið endurskoðun aðalskipulags Skútustaðahrepps í samvinnu við Alta. Hluti af þeirri vinnu er landeigendakönnun þar sem landeigendur Skútustaðahrepps geta komið á framfæri mögulegum áformum innan sinna jarða sem kalla á aðalskipulagsbreytingar eða ef eitthvað er að þeirra mati úrelt og þarfnast lagfæringar.

Landeigendur geta svarað könnuninni á síðunni  
<https://sites.google.com/alta.is/landeigendur/home>

Könnunin er auglýst í Húsöndinni auk þess að vera aðgengileg af síðu  
Skútustaðahrepps, **[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)**

Ef einhverjir landeigendur í sveitarfélaginu hafa ekki aðgengi að tölvu má hafa samband við Guðjón Vesteinsson á skrifstofu Skútustaðahrepps í síma **464-6660** til að fá könnunina senda á pappírformi eða svara könnuninni í gegnum síma.

Við hvetjum alla til að taka þátt og koma sínum skoðunum á framfæri.

**Könnuninni verður hægt að svara til og með 15.06.2020.**

## Engin 17. júní hátíðarhöld í ár og 50 ára afmælis miðkvíslarsprengingar frestað



Velferðar- og menningarmálanefnd hefur ákveðið í samráði við Kvenfélag Mývatnssveitar að engin 17. júní hátíðarhöld verði í ár. Er það varúðarráðstöfun vegna Covid-19 faraldursins.

Jafnframt hefur undirbúningsnefnd tekið þá ákvörðun að fresta hátíðarhöldum í tilefni þess að í ágúst eru liðin 50 ár frá sprengingu miðkvíslarstíflu. Stefnt er að því að fresta hátíðarhöldum til næstu páska.

Kæru sveitungar,

ruslahreinsunin gekk mjög vel og flott hve margir tóku þátt.


Þökkum kærlega öllum sem komu og týndu rusl, félögum fyrir að sjá um sín svæði og alla sem komu að þessum viðburði.

Endilega sendið á Fjöregg og/eða Skútustaðahrepp ef þið eruð með einhverjar hugmyndir til að gera gott enn betra.

Einnig höfum við hlotið 2 styrki að undanfögnu, bæði frá Samfélagssjóði Landsvirkjunar og nú Krambúðinni, þökkum kærlega fyrir þeirra framlag í þessa baráttu.

Stefnum á aðra ruslahreinsun í september með hittingi á eftir og grilli eins og verið hefur síðustu ár.

Kær kveðja,  
Fjöregg og Skútustaðahreppur



Nú er komið sumar og köngulær, flugur, roðamaur og önnur skordýr farnar að láta sjá sig og hreiðra um sig í útihúsum á heimilum í sumarbústöðum og á sólpöllum landsmanna. Við erum með lausnir á þessum vanda. Við verðum í Mývatnssveit laugard.13.júní. Endilega hafið samband í síma:8934697 því við erum með lausn á vandanum.



## Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

# UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA

- Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur -

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga þann 27. júní 2020 fer fram á skrifstofum embættisins sem hér segir:

- **Húsavík**, Útgarði 1, virka daga frá kl. 9:00 til 15:00.  
Um helgar er opið frá kl. 11:00 til 14:00.  
Á kjördag er opið frá kl. 10:00 til 12:00.
- **Akureyri**, Hafnarstræti 107, virka daga frá kl. 9:00 til 18:30.  
Um helgar er opið frá kl. 11:00 til 14:00.  
Á kjördag er opið frá kl. 10:00 til 18:00.

Atkvæðagreiðsla fer einnig fram sem hér segir:

- **Þingeyjarsveit**: Kjarna, Laugum í Reykjadal, á virkum dögum frá kl. 10:00 til 12:00.
- **Mývatnssveit**: Skrifstofu kjörstjóra, Helluhrauni 11, mánudaga til fimmtudaga, kl. 10:00 til 12:00.

***Kjósendur eru minntir á að hafa persónuskilríki meðferðis.***

Nánari upplýsingar er að finna [www.kosning.is](http://www.kosning.is) og [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra  
Svavar Pálsson*

## TIL LEIGU

# Samkomutjald HSP

Tjaldið er um 9mx5m, 6 lítil borð og stólar fyrir 36 manns fylgja. Helgin kostar 40.000 kr.

Nánari upplýsingar í síma 896-3107 eða á netfangið [hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is). Sjá einnig [www.hsth.is](http://www.hsth.is)

